

Fréttabréf Garðasels desember 2017



Aðventustundir í desember



Á mánudögum fram að jólum **5 .desember, 12 desember, 16. desember og 22.desember**, verða aðventustundir á Skála kl: 9.00 þar sem kveikt verður á kertum aðventunnar, jólsögur lesnar og jólalögin sungin.

Jólaþema

Í Garðaseli er jólaþema á öllum deildum þar sem fönður, söngur, bakstur og annað tengt jólonum verður efst á baugi. Jólatréð verður sett upp á Skála í næstu viku og hjálpast allar deildir við skreyta það og Skálann.



Hjálpum öðrum – verkefni í desember



Dagana **4. – 8. desember** ætlum við í Garðaseli að koma með gosflöskur að heiman og safna saman. Börnin fara með flöskurnar í endurvinnsluna og andvirði söfnunarinnar rennur til barna í SOS-barnaþorpunum. Garðasel er Sólblómaleikskóli og þessi árlega söfnun er okkar framlag til þessa góða málefni fyrir börn víða um heim.

Jólasöngstund, jólatónleikar og aðventukaffi

Miðvikudaginn 13. desember kl: 15.00 -15.45 – Lón og 2014 hópurinn á Holti jólasöngstund á Skála og aðventukaffi á eftir fyrir fjölskyldur og börn. Sungin verða nokkur jólalög og síðan boðið upp á heitt súkkulaði og smákökur á eftir.



Fimmtudaginn 14. desember kl: 15.30 – Vík og 2013 árgangur á Holti

Jólatónleikar í Tónbergi í umsjón Samúels Þorsteinssonar, kennara og kennara á Vík og Holti. Tónleikarnir verða með sama sniði og í fyrra þar sem eldri nemendur Samúels aðstoðuðu við undirleik og söng og þá stígur foreldri í Garðaseli á svið með börnunum. Tónleikarnir verða teknir upp og foreldrar geta fengið þá upptöku síðar. Aðventukaffi verður fyrir fjölskyldur barnanna í anddyri tónlistarskólans eftir tónleikana.



Rauður dagur og Litlu- jólin

Priðjudaginn 19. desember er Rauður dagur í leikskólanum og á þessum degi koma allir í einhverju rauðu.

Litlu jólin eru á Rauðum degi og **hefst jólaskemmtunin kl: 9.30**. Börnin dansa í kringum jólatréð, syngja og skemmta sér og hver veit nema góðir gestir komi í heimsókn. Jólaturinn er síðan í hádeginu.



Dagatöl í desember



Leikskólinn gerir dagatal fyrir desember en þar er að finna allar helstu upplýsingar um skipulag skólans og viðburði í jólamánuðinum.

Hver deild gerir líka viðburðardagatöl þar sem annað skipulag deildarinnar er sett inn.

Þessi dagatöl má nálgast á heimasíðu deildanna og foreldrar fá þau einnig send heim í tölvupósti.

Tilkynningar á fjarveru barna



Undanfarin ár hafa mörg börn eru í frí einhverja daga um eða í kringum jólahátíðina. Þessa daga eins og aðra vill leikskólinn gjarnan vita hvort börnin mæta eða ekki. Foreldrar eru beðnir að hringja þá daga sem börnin mæta ekki eða skrá fjarvistir þeirra á lista sem settir verða upp í forstofum deilda ef foreldrar **kjósa að** skrá frídaga barna sinna fyrirfram.

Á nýju ári 2018

Skiplagsdagur ætti að vera

priðjudaginn 2. janúar 2018 en leikskólinn er **opinn** þennan dag þar sem tveir dagar verða teknir í apríl vegna námsferðar starfsmanna skólans til Brighton.

Fyrsti dagur barnanna á nýju ári verður **priðjudaginn 2. janúar**.

2018



Gleðilega aðventu